



LANDSSAMBAND
ÆSKULÝÐSFÉLAGA

ÁRSSKÝRSLA

LANDSSAMBANDS ÆSKULÝÐSFÉLAGA

2015

Ársskýrsla LÆF 2015

Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF) var stofnað árið 2004 sem regnhlífarsamtök æskulýðsfélaga á Íslandi. Aðildarfélög LÆF eru 22 talsins, þau eru frjáls félagasamtök sem starfa á landsvísu og vinna að hagsmunum ungs fólks.

Hlutverk LÆF er að vera fulltrúi og málsvari ungs fólks andspænis íslenskum stjórnvöldum, samráðs- og samstarfsvettvangur íslenskra æskulýðsfélaga og fulltrúi þeirra á alþjóðavettvangi.

Markmið LÆF er að vera sem upplýsingaveita fyrir aðildarfélögin og að þjónusta þau, efla samstarf þeirra á milli ásamt því að hvetja til alþjóðlegrar samvinnu. Einnig er markmið LÆF að vera í fararbroddi þegar að það kemur að þekkingarsköpun og að hvetja til virkrar samfélagslegrar þátttöku um málefni ungs fólks á Íslandi.

Efnisyfirlit

Ársskýrsla LÆF 2015	2	3.5. Málefnastrá LÆF	16
Ávarp formanns	3	3.6. Ekkert hatur	17
2. Viðburðir	4	3.7. Snjallsímaforrit	17
2.1. Mikilvægi æskulýðsfélaga í lýðræðisríkjum	4	3.8. Handbók um félagasamtök	17
2.2. Sambandsþing LÆF 2015	7	4. Á döfinni	18
2.3. Mikilvægi kosningaréttar	9	4.1. Kosningavakning	18
2.4. Hverju nenum við þá?	10	4.2. Æskulýðsdagur	18
2.5. 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna	11	4.3. Lýðræðisverkefni og skóla-	18
2.6. Hvar eigum við að búa?	11	kosningar	18
2.7. Umsögn um þingsályktun: Stofnun lýðháskóla	11	5. Alþjóðastarf	18
2.8. Hreiðar fékk viðurkenningu	12	5.1. Ráðstefnur, þing og fundir	19
3. Verkefni	12	5.2. Námskeið	21
3.1. Kynningarherferð	12	6. Staða fjármála	22
3.2. Aðgerðir gegn ofbeldi	13	6.1. Ársreikningur	23
3.3. Málefni fósturbarna	13	7. English Overview	25
3.4. Leiðtogaskóli LÆF	15	7.1. Events in 2015	25
		7.2. Projects	26
		7.3. International Work	26

Landssamband æskulýðsfélaga - Icelandic Youth Council

Formaður: Inga Auðbjörg K. Straumland, framkvæmdastjóri: Tinna Isebarn.

Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík.

youth@youth.is - www.youth.is - 561-1100

Ávarp formanns

Fjórðungur kjósenda er undir þrítugu. Þetta er fólkið sem fyllir háskólana, fólkið heldur Twitter uppi á milli Ófærðar og #12stiga, fólkið sem rífur sig úr að ofan á Austurvelli í nafni jafnréttis og fólkið sem að veigrar sér við að skoða fasteignaauglýsingar því að fasteignakaup eru orðin fjarlægur draumur. Þetta er fólkið sem opnaði umræðuna um kynbundið ofbeldi og drusluskömm, fólkið sem neitar að vera tabú og fólkið sem þekkir ekki tengisönginn í internetmódemum, en hefur bjargað vínylplötunni frá því að gleymast og geymast í þjóðskjalasöfnum.

Ungt fólk er gífurlega öflugt. Kynslóðirnar sem nú eru að koma upp úr grunn- og menntaskólum taka eldri kynslóðum fram hvað varðar víðsýni og jafnréttishugsjón, eins og sést á þrotlausum myllumerkjabyltingum og stórkostlegu siguratriði Skrekks. Samt kys bara tæpur helmingur þessa aldurshóps í kosningum. Í síðustu borgarstjórnarkosningum var kjörsókn skráð í fyrsta skipti eftir aldurshópum, að áeggjan LÆF. Þar kom fram að aðeins 42% reykvískra ungmenna á aldrinum 20-24 ára kaus í borgarstjórnarkosningum árið 2014. Hvað veldur því að ungt fólk er til í að fara úr að ofan fyrir málstaðinn en ekki til í að mæta í kjörklefann? Gæti verið að það spegli sig ekki í umræðuefnum alþingis eða ferilskrá meðalþingmannsins? Aðeins 3 þingmenn af 63 eru undir þrítugu og fjölbreytni hvað varðar kynhneigð og menningarlegan bakgrunn engin.

Efla þarf ungt fólk til að láta raddir sínar heyrast. Þær heyrast svo sannarlega í Skrekki, í mótmælum við lögreglustöðina og á samfélagsmiðlum, en þær þurfa líka að óma í sölum Alþingis, í bæjarstjórnnum landsins og innan í embættismannakerfinu - í það minnsta ef við ætlum að bæta samfélagið. Landssamband æskulýðsfélaga leggur þar sín lóð á vogarskálarnar með því að vera málsvari ungs fólks í samfélaginu. LÆF býður öllu ungu fólki að taka þátt í Leiðtogaskóla LÆF, þar sem einstaklingurinn getur ræktað leiðtogahæfileika sína. Æskulýðsfélög eru nefnilega kjörin vettvangur fyrir ungt fólk til að læra að skipuleggja verkefni og viðburði, vinna í hópi, efla leiðtogahæfileika sína og fínþússa málflutning sinn. Þátttaka í æskulýðsstarfi er einnig lykiltríði í baráttu við sívaxandi félagslega einangrun ungra karlmanna.

Með mikilvægi æskulýðsstarfs í huga er hörmulegt að hugsa til þess vægi sem æskulýðsstarf fær á fjárlögum þar sem meginþorri fjármagnsins fer til barnastarfs og aðeins örlítið til starfs ungs fólks yfir 16 ára. Ólíkt nágrannalöndunum, þar sem útteiling fjármagns til æskulýðsfélaga er fagleg, er fjármagninu á Íslandi skipt eftir pólitískum dyntum. Í stað þess að styðja við æskulýðsfélög eftir þátttakendafjölda og gæðamati er sumum félagasamtökum tryggt fjármagn í gegnum fjárlög á meðan önnur fá stuðning seint eða aldrei. Þetta þarf að laga því að það er okkur öllum í hag að á Íslandi blómstri öflugt æskulýðsstarf sem hentar fjölbreyttum þörfum íslenskra barna og ungmenna. Þannig búum við ekki eingöngu til framtíðarleiðtoga heldur nútímaleiðtoga - því unga fólkið er ekki framtíðin, það er nútíðin!



Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir Strumland, formaður LÆF 2015-2016

2. Viðburðir

2.1. Mikilvægi æskulýðsfélaga í lýðræðisríkjum

Árið 2013 unnu stjórn og starfsmenn LÆF skýrslu um samfélagsþáttöku ungs fólks þar sem að ýmislegt benti til þess að kosningaþátttaka meðal ungs fólks færi dvínandi. Þessi skýrsla vakti mikla athygli og varð til þess að haustið 2014 unnu stjórn og starfsmenn LÆF ásamt Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur alþingismanni að þingsályktunartillögu byggða á niðurstöðum skýrslunnar. Tillagan krafðist þess að kjörsókn eftir aldri í sveitastjórnarkosningunum 2014 og öðrum almennum kosningum yrði skrásett. Vorið 2014 var þetta samþykkt á Alþingi. Í sveitastjórnarkosningunum árið 2014 var þess vegna í fyrsta skiptið tekin saman aldurskipt tölfræði um kosningarþáttöku. Ef það hefði ekki verið fyrir þessa þrotlausu vinnu LÆF, hefði íslenskur almenningur ekki verið upplýstur um kosningaþáttöku ungs fólks. Kjörsókn ungs fólks árið 2014 endurspeglar niðurstöðu skýrslu LÆF. Það er því ljóst að kosningaþátttaka ungs fólks á Íslandi fer dvínandi. Kosningarnar árið 2014 voru sérstakar í ljósi þess að heildarkjörsókn var sú minnsta frá stofnun lýðveldisins þar sem að einungis um helmingur ungmenna undir 30 ára aldri nýtti kosningarétt sinn.



LÆF hefur ítrekað lýst yfir áhyggjum af dvínandi kjörsókn ungs fólks og hefur að sjálfsögðu brugðist við. Snemma árs 2014 sótti LÆF því um styrk frá NordBuk fyrir alþjóðlegri ráðstefnu. Hugmyndin var að smala saman systurfélögum okkar á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjum til að deila úrræðum og ræða þáttöku ungs fólks í félagasamtökum og kosningum, en LÆF hefur einmitt undanfarin ár unnið í nánú samstarfi við systurfélög sín að því að hvetja ungt fólk til virkrar samfélagsþáttöku með því að þróa aðferðir til þess að ná til þeirra.

2.1.1. Ráðstefna um lýðræðisþáttöku

Af ofangreindum ástæðum var efnt til ráðstefnu sem bar yfirskriftina „The Importance of Youth Organizations for Society and Democracy“. Ráðstefnan var haldin í Hörpu helgina 16.-18. janúar 2015. Meginviðfangsefni hennar var mikilvægi æskulýðsfélaga í lýðræðisríkjum þegar að það kemur að samfélags- og stjórnmaláþáttöku ungs fólks. Markmiðið var að vekja athygli á og um leið bregðast við sögulega lágri kosningaþáttöku ungs fólks í sveitastjórnarkosningunum 2014. LÆF leitaði m.a. til íslenskra sérfræðinga úr fræðasamfélaginu og nágrennaríkja okkar á Norður- og Eystrasaltslöndunum til að deila reynslu og efna til umræðna um hvernig hægt sé að hvetja ungt fólk til að mæta á kjörstað, en vandamálið er

ekki eingöngu bundið við Ísland. Markmiðið var jafnframt að varpa ljósi á mikilvægi viðfangsefnisins og sanna kenningu LÆF um að þátttaka í ungmennafélögum auki almenna þátttöku einstaklinga í samfélaginu. Einnig var tilgangur ráðstefnunnar að skapa vettvang fyrir aðildarfélög LÆF til að kynna starfsemi sína, þróa nýjar hugmyndir og leita leiða til að hafa áhrif.

Hreiðar Már Árnason, formaður LÆF 2014-2015 setti ráðstefnuna þar sem að hann hélt því fram að þegar að það kemur að lýðræðisþátttöku erum við ekki einungis háð hegðun okkar samfélags, heldur þurfum við að horfa á lýðræði í alþjóðlegu samhengi. Hreiðar vakti jafnframt athygli á því að þegar að það kemur að tengja „heim stjórnmalanna“ við daglegt líf þá séu stjórnmal séu í raun orðin að samheiti yfir vandamál sem ungt fólk tengir ekki við í daglegu lífi, svo sem spillingu, kjarnræði forréttindahópa og græðgi. Hann hélt því fram að þetta valdi minni formlegri stjórnmalapátttöku ungs fólks og dræmari kjörsókn.



2.1.2. Erindi og málstofur

Þeir sem tóku til máls og fluttu hin ýmsu erindi með mismunandi áherslum á viðfangsefnið voru 17

sérfræðingar og/eða hagsmunaaðilar frá ólíkum löndum. Meðal þeirra voru Jóhanna María Sigmundsdóttir, yngsti þingmaður lýðveldisins og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri. „Við höldum að þau hreinlega hötuðu stjórnmal, en það er ekki raunin“ sagði Dagur í byrjun ræðu sinnar. Hann lagði jafnframt áherslu á það torvela verkefni að virkja ungt fólk til þátttöku í stjórnmalum, ekki aðeins hér á landi, heldur sem alþjóðlegt fyrirbæri. Hann hvatti viðstadda því til þess að vera skapandi, dreifa hugmyndum sínum út í samfélagið og koma fleira fólki ungu fólki inn í lýðræðisumræðuna og stjórnmalaflokkana. Dagur lýsti því yfir að ungmennafélög spila lykilþátt í að fræða ungt fólk og efla tækifæri ungs fólks til þess að taka virkan þátt í samfélaginu. Þegar hann talaði um þörfina fyrir þátttöku ungs fólks sagði hann „annars mun gamla fólkið ráða öllu og það er bara staðreynd“.

Fyrirlesarar:

Triin Bostrov, frá Eistlandi, fjallaði um lækkun kosningaaldurs.

Alexandra Brundin Urisman, frá Svíþjóð, hélt erindi um kosningaherferð fyrir ungt fólk.

Ashild Marie Vige, frá Noregi, fjallaði um réttindi ungs fólks til þátttöku í samfélaginu.

Morten Østergaard Sørensen, frá Danmörku, fjallaði um hvernig mætti virkja ungt fólk til þátttöku.

Laura Prievelyt, frá Litháen, fjallaði um áhrif æskulýðsfélaga á samfélagið.

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, fjallaði um tilveru æskulýðsfélaga.

Gunnar Gunnarson, fjallaði um áhrif æskulýðsstarfs á einstaklinginn.
Róbert Bjarnason og Gunnar Grímsson, fjölluðu um beint lýðræði.
Gissur Ari Kristinsson og Anna Lilja Björnsdóttir, fjölluðu um ungmennaráðið á Seltjarnarnesi.
Vilhjálmur Árnason, fjallaði um þrjár leiðir að lýðræði.
Hjörtur Ágúttsson, fjallaði um áhrif Evrópu Unga fólksins á Íslandi.
Kristín Björnsdóttir og Ásta Björg Björgvinsdóttir, fjölluðu um mikilvægi alþjóðlegra ungmennaskipta.
Ásta Lovísa Arnórsdóttir, Bryndís Torfadóttir og Arndís Lóa Magnúsdóttir, fjölluðu um verkefni Félags ungra jafnréttissinna og hvernig grasrótarsamtök geta haft áhrif á lýðræðisþáttöku ungmenna.

2.1.3. Niðurstaða

Eftir ráðstefnuna var ljóst að LÆF geti lært mikið af nágrannalöndum okkar þegar að það kemur að hinum ýmsu aðferðum sem notaðar hafa verið til þess að hvetja fólk til þess að mæta á kjörstað. Þá hafa Svíþjóð, Danmörk, Noregur og Eistland mikla reynslu í þeim efnum og þær aðferðir sem hafa verið notaðar þar hafa sýnt góðan og mælanlegan árangur.

Herferðin „**The power is Yours**“ sem Svíar fóru af stað með náði til 7-8 milljóna manna í gegnum 400 þjálfaða fulltrúa sem breiddu út boðskapinn. Þá var einnig fjallað um hættuna á því að við á Norðurlöndunum tökum lýðræðinu sem gefnu á meðan aðrir hafa þurft að hætta lífi sínu til að fá að kjósa. Alexandra frá Svíþjóð hitti þá naglann á höfðið þegar að hún sagðist hugsa til Nelson Mandela í hvert sinn sem hún fer og kastar atkvæði sínu. Viðstaddir virtust almennt sammála um að það væri betra að mæta og skila auðu, heldur en að mæta ekki á kjörstað til þess að sýna að lýðræði skipti ungt fólk máli, þrátt fyrir að vita ekkert endilega mikið um stjórn máli og/eða þrátt fyrir að maður styðji engann sérstakan stjórn máli flokk.



Morten frá Danmörku gerði grein fyrir þeim leiðum sem Danir hafa farið og kynnti fyrir viðstöddum herferðirnar „**Get out the vote**“ og „**Think before you vote**“. Morten fjallaði um áhuga ungs fólks á stjórnámálum, óhefðbundna stjórnmalapáttöku ungs fólks og vandann við að ungt fólk temji sér ekki að taka þátt með formlegum hætti. Þá hélt hann því fram að danskar rannsóknir væru að benda til þess að ungir Danir hafi aldrei haft jafn mikinn áhuga á stjórnámálum og nú á dögum. Þá er vandinn sá að stjórnmalaflokkarnir höfðu ekki til þeirra og reyna ekki að mæta þörfum þeirra sem veldur því að ungir Danir upplifa fjarlægð frá vettvangi stjórnmalanna.

Það var fjallað mikið um miklivægi þess að temja sér að kjósa og gera það að venju eða samfélagsnormi, s.s. keðjuverkandi áhrif þess að ef allir í kring um þig kjósa, vinir og fjölskylda, mun það auka líkurnar á að þú kjósir. Triin frá Eislendi ræddi hvaða áform þau hefðu til að **lækka kosningaaldurinn niður í 16 ár** og þau jákvæðu áhrif á kosningapáttöku sem það myndi hafa þar í landi. Hún fjallaði líka um hvað skólakosningar hafa aukið áhuga og þáttöku ungs fólks í stjórnámálum, alveg niður í 14 ára aldur. Þá er ungt fólk hvatt til þess að láta sig stjórnmalin varða og þeim er kennt að taka upplýsta ákvörðun áður en þau ná kosningaldri. Þessi aðferð hefur einnig verið notuð í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og sýnt góðan árangur.

Á ráðstefnunni var fjallað um efnið í víðum skilningi, skipst var á mikilli reynslu meðal þátttakenda og alls konar nýjar hugmyndir urðu til varðandi það að virkja ungt fólk til samfélagslegrar þátttöku.

Ráðstefnan var vel sótt þar sem að um **140 manns skráðu sig til þátttöku** og um 20 af þeim voru erlendir gestir úr systurfélögum okkar. Meirihluti þátttakenda var ungt fólk en aldursdreifingin var upp úr 14 ára aldri.

Íslenskir fjölmiðlar fjölluðu um ráðstefnuna dagana áður en hún fór fram. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að bjóða fjölmiðlum á staðinn sá hinsvegar enginn sig fært um að mæta, svo að niðurstaða ráðstefnunnar og umræðurnar sem þar fóru fram rötudu því miður ekki til almennings.

Það virðist þá borðliggjandi að til þess að auka kjörsókn ungs fólks þurfa stjórnmalaflokkarnir og fjölmiðlar að skapa meira rými fyrir ungt fólk og höfða meira til þeirra. Það þarf að byrja á því að fræða unga fólk okkar fyrir til þess að auka lýðræðisvitund þeirra (með t.d. skólakosningum). Þá þarf fræða- og borgarasamfélagið að viðurkenna víðari skilgreiningu á „þáttöku“ og „stjórnámálum“ til þess að ungt fólk láti sig umræðuna varða og finnist það eiga erindi á vettvangi stjórnmalanna.

2.2. Sambandsþing LÆF 2015

Sambandsþing LÆF var haldið þann 18. febrúar. Um 30 fulltrúar aðildarfélaganna sóttu þingið. Líflegar og góðar umræður sköpuðust á þinginu, svo sem um hvernig mætti þjónusta aðildarfélögin betur, vinna markvissara með námskeið sem haldin eru á vegum LÆF og hvernig LÆF getið staðið vörð um hagsmuni félaga sinna. Ljóst var að mikil gróska í starfi LÆF hefur náð að þróast og mörg spennandi og krefjandi verkefni biðu stjórnar 2015-2016.

Inga Auðbjörg tók við af Hreiðari Má Árnasyni. Áherslumál Ingu Auðbjargar voru að berjast fyrir auknum stuðningi ríkisins við æskulýðssamtök og að forgangsraðað yrði í þágu ungmenna. Inga huggðist einnig nýta krafta aðildarfélaga LÆF til þess að koma á fót skipulegri leiðtogaþjálfun fyrir ungmenni í sjálfböðaliðastarfi og leita leiða til þess að óformlegt nám í æskulýðs- og sjálfböðaliðastarfi yrði samfélagslega metið af bæði atvinnurekendum og menntastofnunum.

2.2.1. Framkvæmdarstjórn LÆF 2015-2016

Formaður

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir Straumland
Ungir Jafnaðarmenn

Varaformaður

Hrefna Ósk Maríudóttir
Samband íslenskra framhaldsskólanema

Ritari

Sigmundur Þórir Jónsson
Ungir Píratar

Hætti störfum sumarið 2015, Þorbjörg Erna Mímisdóttir tók við.

Þorbjörg Erna Mímisdóttir

Breytendur

Gjaldkeri

Natan Kolbeinsson
Ungir Evrópusinnar

Alþjóðafulltrúi

Ásta Lovísa Arnórsdóttir
Félag ungra jafnréttissinna

Varamaður

Jónas Már Torfason
Samband íslenskra framhaldsskólanema

Varamaður

Þorbjörg Erna Mímisdóttir
Breytendur

Tók við af Sigmundi Þóri sem ritari sumarið 2015.

Ingvar Þór Björnsson
Ungir jafnaðarmenn

Kjörinn varamaður af fulltrúaráði er Þorbjörg tók sæti í aðalstjórn.

2.2.2. Fulltrúaráð LÆF 2015-2016

Fulltrúaráð LÆF er skipað einum fulltrúa frá hverju aðildarfélagi og fer ráðið með æðsta vald félagsins á milli sambandsþinga. Þeir aðilar sem skipaðir voru í fulltrúaráð og sóttu fjóra fundi á kjörtímabilinu eru eins og hér segir:

- Ólafur Óli Ólafsson, AFS á Íslandi.
- Dagný Sveinbjörnsdóttir, Alþjóðleg Ungmennaskipti (AUS).
- Anna Pálsdóttir, AIESEC.
- Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir, Barnastarf I.O.G.T.
- Þorsteinn Valdimarsson, Breytendur.
- Hugrún Embla Sigurðardóttir, CISV.
- Colin A. Dalrymple, Félag ungra jafnréttissinna.
- Kjartan Hansson, JCI á Íslandi.
- Páll Gestsson, Samband íslenskra framhaldsskólanema.
- Páll Marís Pálsson, Samband ungra framsóknarmanna.
- Hjördís Jónsdóttir, Samband Íslenskra Námsmanna Erlendis.
- Lilja Björk Jónsdóttir, Ungir Evrópusinnar.
- Ingvar Þór Björnsson, Ungir Jafnaðarmenn.
- Júlíus Örn Fjeldsted, Ungir Píratar.
- Stefán Elí Gunnarsson, Ung vinstri græn.

Ekki fengust fulltrúar frá Hjálpræðishernum, Núll prósent, Seeds, SHÍ, Ungumblóðgjöfum, Ungum umhverfissinum, URKÍ-Ungmennahreyfingu Rauða kross Íslands og Veraldarvinum.

Fulltrúaráð fundaði fjórum sinnum á starfsárinu með það að markmiði að auka samstarf á milli aðildarféлага, upplýsa LÆF um starfsemi þeirra og hvernig LÆF getur orðið að liði sem og að þróa, skipuleggja og koma í framkvæmd Leiðtogaskóla LÆF.

2.3. Mikilvægi kosningaréttar

Þann 21. mars tók LÆF þátt á málþingi um mikilvægi kosningaréttar sem bar titilinn „Á að hækka kosningaaldurinn upp í 25 ár?“ og var það haldið í Kvenheimilinu Hallveigarstaðir. Þá var rætt hvort hækka ætti kosningaaldurinn sökum áhugaleysis. Samkvæmt könnun LÆF hefur kjörsókn ungs fólks minnkað um 20% á milli kosninga. Tvær framsögur voru með og á móti tillögunni og tvö andsvör. Að því loknu voru pallborðsumræður þar sem um 60-70 viðstöddum gestum úr sal





Mynd frá málþinginu „Hverju nennum við þá?“ Aðalbjörn Jóhannsson fjallaði um áherslur ungmennaráðs UMFÍ í lýðræðismálum. Hann er lengst til vinstri.

gafst kostur á að leggja fram spurningar til þátttakenda. Laufey María Jóhannsdóttir fyrrverandi formaður SÍF var í pallborði fyrir hönd LÆF og talaði gegn hækkun kosningaaldursins.

2.4. Hverju nennum við þá?

Í tilefni að **Evrópskri ungmennaviku** þann 10. maí bauð LÆF ungu fólki að koma og segja frá því hvaða leiðir væru vænlegastar til að auka kosningaþáttöku ungs fólks. Á fundinum sem bar yfirskriftina „Hverju nennum við þá?“ var farið yfir stöðuna almennt út frá síðustu sveitastjórnarkosningum og kosningarannsóknum um þáttöku ungs fólks í kosningum. Eftir stuttar framsögur frummælanda voru spurningar úr sal þar sem gestum gafs tækifæri á því að öðlast betri þekkingu fyrir vinnuna framundan. Frummælendur voru Aðalbjörn Jóhannsson sem talaði um áherslur ungmennaráðs UMFÍ í lýðræðismálum og Birta Sigmundsdóttir sem skrifaði BA ritgerð í stjórn málafræði um kosningaþáttöku ungs fólks. Eftir pallborðsumræður fór fram vinnustofa á hringborðum þar sem þátttakendur ræddu sín á milli hvernig hægt sé að auka þáttöku ungs fólks í kosningum og hvernig hægt sé að snúa vörn í sókn í þeim efnum. Eftir fundinn voru tillögur fundarins settar saman í skjal og sent á aðildarfélög LÆF sem og þátttakenda á fundinum. Um 60-70 manns sóttu fundinn, en hann var haldinn í Háskólanum í Reykjavík.

2.5. 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

Þann 19. júní hvatti LÆF ásamt Æskulýðsvettvangnum og Afmælisnefndinni ungt fólk til að mæta á Austurvöll. Undir nafninu „Ungt fólk fylkir liði á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna“ var gengið frá Kvennaskólanum inn á Austurvöll þar sem frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands ávarpaði hátíðarfundinn. Mættu um 140-160 fulltrúar æskulýðsfélaganna með fána samtaka sinna til að fagna áfanganum.



2.6. Hvar eigum við að búa?

Fulltrúi LÆF sótti fundinn „Mætum þörfinni - Íbúðarmarkaður í brennidepli“ sem haldinn var á vegum Samtaka iðnaðarinnis. Fram kom á fundinum að á síðastliðnum áratug hefur ungu fólki á aldrinum 25-34 ára, sem býr í foreldrahúsum fjölgað um 60%. Aron Ólafsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, aðildarfélags LÆF, var talsmaður unga fólksins á fundinum. Hann vakti athygli á vaxandi skorti á húsnæðisúrræðum fyrir ungt fólk. Hann lagði m.a. fram tillögur um að leggja niður stimpilgjöld, bjóða upp á skattlaust ár og einfalda byggingaregluverk, svo að hægt sé að mæta þörfum unga fólksins með smærri og ódýrari íbúðum. Þá hvatti hann til þess að skoðaðir yrðu möguleikar á því að byggja gámahús.

2.7. Umsögn um þingsályktun: Stofnun Lýðháskóla

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi LÆF til umsagnar tillögu til þingsályktunar varðandi lýðháskóla. Þá lýsti LÆF yfir stuðningi við tillöguna um að gera lýðháskóla að viðurkenndum menntunarvalkosti sem njóti lagalegrar umgjarðar og stuðnings hins opinbera. LÆF fagnar öllum tilraunum til að nútímavæða og bæta fjölbreytni náms og fræðslu. Stjórn LÆF sammældist um eftirfarandi atriði og óskaði eftir því að tekið yrði tillit til þeirra:

Þó að ekki hafi komið skýrt fram í tillögunni, gerði LÆF ráð fyrir (sbr. umgjarðir lýðháskólar á Norðurlöndunum) að umræddir lýðháskólar á Íslandi muni leitast við að efla alþjóðlegt samstarf. Þá er átt sérstaklega við að erlendir nemendur fái færi á að sækja skólana og að íslenskir nemendur kynnist alþjóðlegu umhverfi og samstarfi - efla tungumálakunnáttu og menningarlæsi.

Með lýðháskóla á Íslandi sér LÆF tækifæri til þess að mæta þörfum ungmenna með námsörðugleika betur en gert hefur verið og lagði LÆF til að tækifærið verði nýtt.

LÆF lagði til að sýnd yrði varkárni í tengslum við „trúarlega fræðslu“ sem minnst var á í greinargerð. Tryggja verði að öll trúarbrögð fái jafna meðferð í kennslu og lögð sé áhersla á fjölmenningu, margbreytileika og

jafnrétti í því samhengi. LÆF legði jafnframt til að ólympísk hugsjón yrði höfð að leiðarljósi í hverskonar íþróttافرæðslu fyrir ungmenni.

LÆF vildi þar að auki nýta tækifærið og koma á framfæri þeim áhuga sem ungt fólk hefur sýnt leiðtogamennsku að undanförunu og hvetur stjórnvöld til að mæta þeim áhuga.

Svo að raunverulega hægt sé að auka líkurnar á því að allir stundi nám við hæfi og þá sérstaklega „til að mæta ólíkum þörfum og væntingum nemenda og glæða og viðhalda áhuga þeirra“ vakti LÆF athygli á mikilvægi þess að ferlið sem felst í að þróa lýðháskóla á Íslandi verði í samráði við íslensk ungmenni en slíkt samstarf kom hvergi fram í tillöggunni.

Í framhaldinu sóttu þær Inga Auðbjörg, formaður LÆF og Steinunn Ólína formaður SÍF fund með nefndinni þann 28. janúar þar sem að þær fylgdu eftir umsögn LÆF.

2.8. Hreiðar fékk viðurkenningu

Æskulýðsráð veitti í ár viðurkenningar fyrir æskulýðsstarf. Þeim er ætlað að vekja athygli á því sem er til fyrirmyndar í æskulýðsstarfi á Íslandi og vera hvatning til þróunar, nýsköpunar og þátttöku. Viðurkenningarnar voru veittar á ráðstefnunni Íslenskar æskulýðsrannsóknir sem haldin var

20. nóvember af Menntavísindasviði Háskóla Íslands.



Hreiðar Már Árnason, fyrrverandi formaður LÆF hlaut viðurkenningu fyrir „Ungt fólk sem lagt hefur alúð við þátttöku sína í æskulýðsstarfi eða nýtt reynslu sína úr æskulýðsstarfi á öðrum sviðum þjóðlífsins.“ Hreiðar hefur í gegnum árin verið ötull talsmaður ungmennalýðræðis og þess að raddir ungs fólks fái að heyrast í samfélaginu. Hreiðar hefur komið víða við og margir kannast við hann sem þjálfara Morfís liða. Hann kom meðal annars að undirbúningsstarfi fyrir stofnun Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) og hefur setið í stjórn hagsmunasamtaka framhaldsskólanema í Evrópu. Hreiðar vinnur nú hjá Hinu húsinu þar sem hann heldur áfram að hvetja ungt fólk til dáða.

*Sæmundur Runólfsson, Hreiðar Már Árnason, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Jóhannes Stefánsson.
Ljósmynd: Ragnheiður Sigurðardóttir*

3. Verkefni

3.1. Kynningarherferð

LÆF hélt kynningarherferð þann 1. maí þar sem markmið og starfsemi LÆF og aðildarféлага var kynnt fyrir ungu fólki. Markmiðið var að auka sýnileika LÆF og hvetja fleira ungt fólk til þess að taka þátt í starfsemi aðildarfélaganna. LÆF gaf meðal annars út einblöðung til dreifingar og gaf gestum og gangandi kaffi á Verkalýðsdeginum.

3.2. Aðgerðir gegn ofbeldi

Í desember 2014 innsigliðu félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- menningarmálaráðherra samstarf um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess með undirritun samstarfsyfirlýsingar. Hún er viðtæk og felur í sér samráð milli félagsmálayfirvalda, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis og lögreglu- og ákærvalds með þátttöku félagasamtaka. Við erum „...einhuga um að vinna saman gegn ofbeldi í íslensku samfélagi og niðurbriótandi áhrifum þess, auka fræðslu og forvarnastarf um ofbeldi, bæta samvinnu og verklag við að draga úr ofbeldi og styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála.“ segja ráðherrarnir í upphafi yfirlýsingarinnar.

LÆF var þess vegna boðið á Landssamráðsfund um aðgerðir gegn ofbeldi þar sem verkefnið var kynnt fyrir formönnum samtaka, forstöðmönnum, framkvæmdastjórum og öðru samstarfsfólki að viðstöddum ráðherrunum þremur og samstarfinu formlega ýtt úr vör. Þar sem að þátttaka LÆF er forsenda þess að markmið samstarfsins náist var Tinna, framkvæmdastjóri LÆF viðstödd fundinn sem haldin var þann 29. október í Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.

Ásta Lovísa, Alþjóðafulltrúi LÆF ásamt Colin A. Dalrymple, sem situr í fulltrúaráði LÆF voru viðstödd á framhaldsfundi sem haldinn var 28. janúar. Fundurinn var haldin í þeim tilgangi að búa til bættar aðgerðaráætlanir gegn ofbeldi á Íslandi og unnu fulltrúar saman í hópum með fulltrúum annarra ráða og samtaka. Báðir fulltrúar lögðu til að samstarfið yrði framvegis gert aðgengilegt fyrir þá sem ekki eru íslenskumælandi þar sem að sá hópur fólks er í mikilli hættu á að vera þolendur ofbeldis.

3.3. Málefni fósturbarna

Norræna velferðarmiðstöðin hefur nýlega lokið við rannsókn sem unnin var í samvinnu við færustu sérfræðinga Norðurlanda á þessu sviði og hafa niðurstöðurnar leitt til raunhæfra tillaga um hvernig þjóðfélagið getur betrubætt umönnun á barni sem er á ábyrgð þjóðfélagsins. Tilgangurinn var að miðla niðurstöðu rannsóknar til Íslands og koma með tillögur að úrbótum. Í nóvember var LÆF boðið að taka þátt á málþinginu „Norræn börn - börn á fósturheimilum“ þar sem leitast var við að svara spurningunni um hvernig þjóðfélagið geti sem best hjálpað barni sem koma á fyrir á fósturheimili.

Niðurstaða rannsóknarinnar bendir til þess að norræn börn sem þurfa að fara í tímabundið eða langvarandi fóstur eiga erfitt uppdráttar undir högg að sækja í samfélaginu. Þau eru líklegri til þess að falla í skóla og eru líklegri til þess að stríða við ýmis geðræn vandamál. Auk þess eru þau líklegri til þess að fremja eða gera tilraun til sjálfsmorðs, misnota áfengi og vímuefni, fremja glæpi, vera bótaþegar og vera þunguð ótímabært.

Eftir kynningu niðurstaðna sátu í pallborði þau Margrét María Sigurðardóttir umboðsmaður barna, Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu, Helena Unnarsdóttir, félagsráðgjafi Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar, Ingileif Ástvaldsdóttir skólastjóri við Þelamerkurskóla og þar sat jafnframt

Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LÆF sem talsmaður unga fólksins.

Tinna gerði grein fyrir viðhorfi LÆF til málaflokksins og lýsti yfir áhuga og vilja LÆF á að verða að liði þegar það kemur að því að bæta stöðu fósturbarna á Íslandi. Miðað við niðurstöðu rannsóknar er ljóst að samfélagið er að bregðast fósturbörnum, þennan viðkvæmasta og berskjaldaðasta minnihlutahóp sem þarf sérstakri umönnun og athygli að halda. Tinna lagði fram tillögur að úrbótum og vakti athygli á eftirfarandi:

- Að opna þurfi fyrir umræðuna meðal ungs fólks með „#égerekkítábú“ nálguninni. Tímabært er að við Íslendingar endurskoðum út frá hvaða þáttum við skilgreinum okkur og hætta að spyrja spurningar á borð við „hverra manna ert þú?“. Þörf er á að útrýma þöggun og þeirri skömm sem fylgir því að tilheyra óhefðbundnum fjölskylduformum og þeirri vanlíðan sem því fylgir.
- Ungu fólkið hugsar öðruvísi í dag, hafnar þöggun og neitar að skammast sín. Þetta endurspeglast í „free the nipple“, „þöggun“ og „ég er ekki tabú“. Við þurfum að útrýma þessu og hætta að skilgreina samfélagsvandamál sem „viðkvæmnismál“ sem veldur engu nema óþarfa skömm og vanlíðan hjá fólki.
- Að takast á við vandamálið í víðara samhengi: Horfa á áhrif þess að alast upp með „óhefðbundinni“ fjölskyldu, hvort sem það eru fósturforeldrar, einstæðir foreldrar, samkynja foreldrar og jafnvel hvernig það er að alast upp með óreglufólk á heimilinu o.s.frv.
- Að skapaður yrði vettvangur fyrir þau ungmenni í þessum aðstæðum til þess að koma saman og deila reynslu sinni. Enginn slíkur óstofnanavæddur vettvangur með ótakmarkaða umgjörð er til á Íslandi né höfum við reynt „óhefðbundin“ úrræði. Þrátt fyrir mjög jákvæða reynslu af slíku starfi í nágrannaríkjum okkar.
- Að koma frjálsra félagasamtaka að málaflokknum og nýta þau jákvæðu áhrif æskulýðsfélag geta haft í að styrkja málaflokkinn. Þá til að mynda í að hvetja til þess að þetta unga fólk sem um er ræðir vekji sjálf athygli á ójöfnum réttindum sínum. Til þess að bæta umönnun barna og unglinga sem eru á ábyrgð þjóðfélagsins er þeirra þátttaka forsenda þess að við náum árangri í slíku starfi. Þetta er minnihlutahópur sem við getum ekki varið án þess að þau fái að halda á keflinu, stýra ferðinni og vera sinn eigin málsvari. Án þeirra þátttöku náum við engum árangri og



hér koma æskulýðsfélögin inn og þeirra hlutverk í að hvetja til virkar þátttöku og auka getu til að hafa áhrif með jafningjafræðslu, forvarnarstarfi og valdeflingu ungs fólks. Það þarf ekki að vera kosnaðarsamt og það getur verið árangursríkt að nýta getu æskulýðsfélaga og óformlegt starf þeirra býður upp á meiri sveigjanleika og fjölbreytni sem opinberar stofnanir hafa ekki. Allir geta tekið beinan þátt í að skapa tækifæri til að tryggja að þetta unga fólk fái að tjá og tækla sín eigin vandamál með ýmsum hætti.

Tekið var vel í þessar tillögur á málþinginu og var LÆF hvatt til þess að koma þeim í framkvæmd. Því

hefur verið stofnaður vinnuhópur í samstarfi við Félag ungra janfréttissinna og Háskóla Íslands til þess að fylgja þeim eftir.

3.4. Leiðtogaskóli LÆF

Í náinni samvinnu við fulltrúaráð vann núverandi stjórn að því að endurskoða fyrirkomulag námskeiðshalds LÆF. Úr varð hugmyndin að Leiðtogaskóla LÆF til þess að bregðast við eftirspurn aðildarfélga eftir hagnýtu námi og heildstæðri þjálfun ungs fólks sem eru þátttakendur í félagastarfi eða hafa áhuga á því að taka virkan þátt í samfélaginu. Með leiðtogaskólanum vill LÆF mynda betri heild utan um námskeiðin sem félagið hefur á undanförunum árum boðið meðlimum aðildarfélaganna. LÆF sækir ákveðinn innblástur í Gilwell-skóla skátanna hvað varðar form og að sumu leyti efnistöð. Leiðtogaskóli LÆF var sameignlega þróaður af aðildarfélögum LÆF frá byrjun árs 2015 þar til að sótt var um styrk úr Æskulýðssjóði þann 1. september og hlaut LÆF 400 þúsund til að fara af stað með skólann.

Leiðtogaskóli LÆF var formlega stofnaður á kynningarfundum í Hinu húsinu þann 26. janúar 2016. Skólinn er sameiginlegur vettvangur aðildarfélaganna til að þjálfa persónulega hæfni, efla tengslanet, deila reynslu, auka getu og valdefla ungt fólk á Íslandi. Hugmyndin er að nýta þá þekkingu sem er til staðar innan aðildarfélaganna og deila henni á milli, ásamt því að sækja í sérfræðiþekkingu annarsstaðar frá eftir þörfum.



Markmið leiðtogaskólans er fjórþætt:

- Að efla leiðtogahæfni ungs fólks í félagasamtökum með hagnýtri, lifandi og skemmtilegri fræðslu;
- Að auka leiðtoga- og samskiptahæfni mannauðsins í aðildarfélögum LÆF;
- Að stuðla að því að félagsstarf og óformlegt nám verði metið að verðleikum í námi og starfi;
- Að bjóða upp á leiðtogaþjálfun sem nýtist smærri aðildarfélögum sem ekki geta boðið upp á slíka þjálfun vegna auðlindaskorts.

Til lengri tíma litið er það markmið LÆF að Leiðtogaskólinn verði kenndur á hverju ári og haldi áfram að þróa samhliða þörfum aðildarfélaganna. Þá er vonast eftir því að LÆF komi til með að geta boðið upp á betra úrval af hagnýtum námskeiðum í framtíðinni. Stefnt er að því að Leiðtogaskóli LÆF verði aðeftirsóknarverðum og viðurkenndum skóla.

Skólinn er ætlaður ungu fólki á aldrinum 16-30 ára sem situr í stjórnnum, sjálfboðaliðum og öðrum sem hafa brennandi áhuga á leiðtogamennsku – þeim sem vilja taka virkan þátt í samfélaginu og láta gott af sér leiða. Þar sem að skólinn er styrktur af æskulýðssjóði tekst því LÆF að bjóða upp á ókeypis þátttöku fyrir alla félagar í aðildarfélögum LÆF ásamt félögum Æskulýðsvettvangsins, systursamtaka LÆF.

LÆF stofnaði til samstarfs við JCI, Æskulýðsvettvanginn og Dale Carnegie. Svo að kennslan tryggir fjölbreytni og verður byggð á reynslu og hæfni. Leiðtogaskólinn byggist upp á valkvæðum námskeiðum um ýmis málafni



sem falla að leiðtogaþjálfun ungs fólks. Með þessu geta nemendur sniðið námið eftir persónulegum áhuga og þörfum. Þó til þess að útskrifast er nemendum er skylt að sitja Verndum þau barnaverndarnámskeið, vinna verkefni t.d. innan eigin aðildarfélgas og sækja helgarlangra ígrundunar og endurmatshelgi. Þátttakendur þurfa að ljúka fimm námskeiðum til að útskrifast þann 15. október 2016.

Námskeiðin sem eru í boði í ár eru:

- Leiðtogafræði - 16. febrúar
- Nýsköpun - 29. febrúar
- Active Citizen Framework - 8. mars
- Styrkjaumsóknir - 18. mars
- Stefnumótun, 4. apríl
- Verkefna- og viðburðarstjórnun - 14. apríl
- Samskiptahæfni: Efling hópavinnu - 19. apríl
- Ræðumennska: Framkoma og framsaga - 23. maí
- Verndum þau (skyldunámskeið) - 5. september

Að lokum verður endurmatshelgi og útskrift haldin dagana 10. og 11. október.

Kennsla hófst þann 16. febrúar með valnámskeiði í leiðtogafræðum undir handleiðslu fulltrúa JCI, aðildarfélgas LÆF. Þá sóttu 25 þátttakendur námskeiðið frá ýmsum aðildarfélögum LÆF.

3.5. Málefnskrá LÆF

Á þessu starfsári hefur stjórn LÆF farið í mikla vinnu þegar kemur að málefnavarfi og hefur sú vinna skilað af sér drögum að málefnskrá sem lögð er fyrir sambandsþingið 2016. Aðal áhersluatriði þessa málefnavarfs

hafa verið lýðræðispáttaka ungs fólks, valdefling ungs fólks og svo fjármögnun og rekstur æskulýðsmála. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að fara í þessa vegferð er sú að stjórn LÆF vildi efla hlutverk sitt sem málsvari ungs fólks gagnvart stjórnvöldum og sem rödd þeirra innan alþjóðasamtaka.

3.6. Ekkert hatur

Þann 11. október 2013 var farið af stað með samvinnuverkefnið „Ekkert hatur“ sem er herferð gegn hatursorðræðu á Íslandi. Verkefninu, sem meðal annars er beint gegn hatursáróðri og kynþáttafordómum. Hópur stofnana og samtaka á Íslandi stendur á bak við átakið og er það hluti af verkefni Evrópuráðsins sem ber heitið „No Hate Speech Movement“. Fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytisins annast eftirtaldir aðilar útfærslu verkefnisins á Íslandi: SAFT, Heimili og skóli – Landssamtök foreldra, SAMFÉS, LÆF og Æskulýðsvettvangurinn, í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Því er beint gegn hatursáróðri, kynþáttafordómum og mismunun á netinu. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna þau fyrir mikilvægi miðlalæsis, styðja þau í að verja mannréttindi á netinu og utan þess og auka vitund gegn hatursáróðri á netinu.



3.7. Snjallsímaforrit

Ásta Lovísa Arnórsdóttir, alþjóðafulltrúi LÆF, hefur unnið á þessu ári að gerð snjallsímaforrits með þeim tilgangi að halda utan um þátttakendur í ráðstefnu og frambjóðendur fyrir framboð. Forritið hleður niður Excel-skjali með nafni, samtakanafni og landsheiti þátttakenda ásamt mynd og birtir þessar upplýsingar á notendavænan hátt. Þannig geta þátttakendur valið á milli fjölda frambjóðendur og kosið byggð á sjónrænu minni og/ eða staðfest að um rétta manneskju ræði. Markmiðið með notkun forritsins er að einfalda myndun tengslanets á ráðstefnum og að einfalda kosningar þar sem margir aðilar eru í framboði.

3.8. Handbók um félagasamtök

Í samvinnu við SÍF hefur LÆF unnið að gerð handbókar um rekstur og stjórnun félagasamtaka ungs fólks frá árinu 2014. En mikil eftirspurn hefur verið eftir slíku hagnýtu uppflettiriti, þá sérstaklega frá nemendafélögum framhaldsskólanna. Þá hlaut LÆF og SÍF styrkur fyrir gerð handbókarinnar frá bæði Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og úr Æskulýðssjóði. Vinnsla handbókarinnar hefur dregist á langinn vegna skorts á mannauði. En frumeintak hennar er tilbúið og gert er ráð fyrir því að hún verði gefin út í rafrænni útgáfu árið 2016.

4. Á döfinni

4.1. Kosningavakning

LÆF hefur ítrekað óskað eftir því að fylgt verði eftir fundi sem haldinn var í júní 2015 með innanríkisráðuneytinu um kosningaþátttöku ungs fólks. LÆF hefur lagt fram tillögu til ráðuneytisins að samstarfsverkefni sem felst í því að stofnaður verði starfshópur sem fer að stað með herferð sem felst í því að auka kosningaþátttöku ungs fólks. Þá mun starfshópurinn virkja alla hagsmunaaðila og fjölmiðla og farið verður í fjölbreytta auglýsingaherferð um allt land. Notast yrði við myllumerkið #Valdiðerþitt til að undirstrika það að valdið liggur í atkvæði unga fólksins. Þá yrði farið í fundarherferð um land allt, skapaður verður vettvangur fyrir ungt fólk til að hitta frambjóðendur til kynna þeim í eigin persónu og ræða hlutverk forseta og væntingar ungs fólks. Notast yrði við leiðir sem hafa skilað árangri í nágrennaríkjum okkar og bregðast við útkomu ráðstefnunnar sem LÆF hélt í janúar 2015.

4.2. Æskulýðsdagur

Aðildarfélögin hafa óskað eftir kynningardegi þar sem félögin eru kynnt og æskulýðsstarf á Íslandi er sett í forgrunninn. Hugmyndin væri að gera þetta að fjölskylduhátíð, þar sem markmiðið væri að fá bæði foreldra með börnum sínum á staðinn en einnig ungt fólk. Sjáum við þetta fyrir okkur sem tækifæri til að fjölga félögum í samtökunum sem og góða leið til að efla sýnileika æskulýðsfélaga. Rætt hefur verið hvort hægt væri að tengja eitthversskonar málþing, eða örfyrirlestra deginum þar sem ungt fólk miðlar þekkingu sinni og ræðir hversvegna það er mikilvægt fyrir samfélagið að æskulýðsfélög sé sterk og sýnileg. LÆF hefur þegar haft samráð við Æskulýðsvettvanginn um hvort þetta sé verkefni sem við getum staðið fyrir í sameiningu.

4.3. Lýðræðisverkefni og skólakosningar

LÆF kemur til með að efna til samstarfs við SÍF varðandi lýðræðisverkefni SÍF sem er þegar í samstarfi við Pólland, Tékkland, Menntaskólan við Sund og Fjölbrotaskólan í Breiðholti. Þá verður verkefninu fylgt eftir þar sem að lagður verður grunnur að lýðræðisverkefninu í grunnskólum. Þá verður jafnframt farið af stað með skólakosningar (stundum kallað skuggakosningar) á framhaldsskólastigi eins og haldið hefur verið víða í Evrópu. Þá er litið til þeirra jákvæðu áhrifa sem slíka kosningar hafa sýnt þegar það kemur að því að hvetja fólk að íhuga hvað það ætlar að kjósa áður en það nær kosningaaldri og skapa hefð fyrir því.

5. Alþjóðastarf

LÆF leggur ríka áherslu á samstarf við Norður- og Eystrasaltslöndin en þessi lönd eiga margt sameiginlegt þegar að kemur að vitundavakningu og málefnum ungs fólks. LÆF er aðili að evrópsku ungmennasamtökunum

(e. European Youth Forum eða EYF) og hefur sent fulltrúa á öll þau þing/ráðstefnur sem LÆF hefur verið boðið á. En út af takmörkuðum fjárráðum hefur LÆF því miður ekki tækifæri til að vera jafn virk og önnur Evrópulönd og þurfa þess vegna að sjá mörg góð tækifæri fram hjá sér fara. Þetta hefur látið LÆF hafna í einu af óvirkustu sætunum í samevrópsku ungmennastarfi (samkvæmt EYF).

5.1. Ráðstefnur, þing og fundir

5.1.1. „EU Youth í Riga“

Í mars sótti Ásta Lovísa, alþjóðafulltrúi LÆF „EU Youth-ráðstefnu“ í Riga og tók þátt í vinnustofu með það að markmiði að auka þátttöku ungmenna í æsku- og sjálfboðaliðastarfi. Þessi ráðstefna var liður í átaki Evrópuráðsins til að auka samfélagsþátttöku ungmenna.

Í sömu viku tók Ásta þátt í undirbúningsráðstefnu fyrir Sambandsþing evrópska æskulýðsfélaga ásamt fulltrúum hinna Norðurlands- og Eystrasaltsríkjanna í Vilnius. Markmið fundarinnar var að koma eins mörgum fulltrúum inn á ráðgjafabing um málefni ungmenna í Evrópuþinginu frá þessum löndum og mögulegt væri.



5.1.2. „European Youth Forum“

Sambandsþing evrópskra æskulýðsfélaga fór fram dagana 16-19. apríl og var þungamiðja ráðstefnunnar að kjósa nýja fulltrúa fyrir ráðgjafabing um mál ungmenna í Evrópuþinginu. LÆF fór á þingið með það að markmiði að koma inn þeim þremur fulltrúum sem buðu sig fram frá Norður- og Eystrasaltslöndunum (Anja Olin Pape frá sænska æskulýðssambandinu, Magnus Ofstad Malnes frá norska barna- og ungmennaráðinu, Karolis Zemaitis frá litháenska ungmennaráðinu). Kosningar fóru á besta veg og allir fulltrúar sem LÆF studdi komust í ráðgjafabingið. Þessar niðurstöður eru jákvæðar fyrir LÆF því að það eykur möguleika á samstarfi við nágrannaríki sem hafa svipaða hagsmuni til muna.

5.1.3. Ráðstefna eistneska æskulýðssambandsins

Ásta sótti helgarráðstefnu í september í boði eistneska æskulýðssambandsins í Tartu. Markmið ráðstefnunnar var að fræðast um aðferðir eistneska ungmennaráðsins, m.a. hver eftirfylgnin ætti að vera eftir að lækkun kosningaaldurs í Eistlandi náði í gegn. Þá var einnig markmiðið að styrkja samband Eystrasaltsríkjanna og Íslands sem hafa mjög sambærilega stefnu þegar að kemur að ungmennastarfi og lýðræðishugmyndum.



5.1.4. „EU Youth” ráðstefna í Lúxemborg

Dagana 22-24 september tók Ásta þátt á „EU Youth” ráðstefnu í Lúxemborg fyrir hönd Íslands. Þar var unnið að lokaútgáfu af meðmælum um hvernig auka megi lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Ásta meðal annars þátt í vinnustofu um hvernig hægt sé að búa til þáttökumenningu innan menntastofnanna.

5.1.5. NORDBUK Ráðstefna í Danmörku

Fulltrúar stjórnar LÆF, þau Hrefna, Natan, Jónas og Þorbjörg sóttu ráðstefnu sem skipulögð var af danska æskulýðssambandinu. Ráðstefnan fjallaði um skipulagningu æskulýðshreyfinga og lýðræði á Norðurlöndunum. Þema ráðstefnunnar var hugtakið „Double Democracy” eða hvernig hefðbundið lýðræði er undir pressu nútíma mynsturs- og birtingamyndar lýðræðis: færri meðlimir í stjórn málaflökum og aukið pólitískt vantraust. Þá er hugmyndin um „Double Democracy” sérstaklega mikilvæg þegar það kemur að þátttöku ungs fólks í kosningum. Fulltrúar LÆF tóku meðal annars þátt í vinnustofum um hvernig hægt er að virkja ungt fólk af erlendum uppruna í æskulýðsstarfi, hvernig ungt fólk nær árangri í kosningum og hvernig auka á kosningaþátttöku ungs fólks. Allar þessar vinnustofur hafa komið sér vel við umsókn styrkja og vinnu stefnuskráar.

5.1.6. Þing norðurlandaráðs æskunnar.

Í október hélt Hreiðar Már Árnason, fyrrverandi formaður LÆF fyrirlestur á þingi norðurlandaráðs æskunnar sem haldið var í Reykjavík. Þar fjallaði Hreiðar um ólýðræðisþátttöku ungs fólks sat í pallborði fyrir hönd LÆF.

Natan Kolbeinsson var fulltrúi LÆF á þinginu og sat þar með áheyrnaraðild.

5.1.8. Samstarf við Tékkland

Í nóvember fékk LÆF heimsókn frá Tékklandi þar sem efnt var til fundar með tveimur aðildarfélögum LÆF: Alþjóðlegum Unmennaskiptum (AUS) og Félagi Ungra Jafnréttissinna (FUJ). Komið hefur verið á samstarfi við Tékknesku frjálsu félagasamtökin „Plán B“ sem vinna að því að stuðla að og styrkja sjálfböðastarfsemi á meðal ungs fólks á aldrinum 15-30 ára. Þessi starfsemi var stofnuð árið 2010 og leitast við að virkja frjáls félagasamtök og óformlega samfélagshópa í lið með sér.

5.1.9. Sambandsþing evrópskra æskulýðsráða

Síðasta verkefni Ástu á hennar kjörtímabili var að taka þátt í sambandsþingi evrópskra æskulýðsráða dagana 26-29 nóvember síðastliðinn. Mál á dagskrá voru um hvernig hægt sé að auka samfélagslega þátttöku ungs fólks, loftslagsbreytingar, betra aðgengi að fjármögnun, úrræði fyrir nemendur í jaðarhópum, „Transatlantic Trade and Investment Partnership“ samningurinn (TTiP) og verndun flóttamanna. En ákveðið var að fella niður yfirlýsingu varðandi TTiP sökum tímahraks. Þá var kosið um önnur mál ásamt því að eitt nýtt mál var tekið á dagskrá, en það er verkefnið „Students at Risk“. Það er norskt verkefni sem felst í að hjálpa nemendum sem standa ógn af því að læra í heimalöndum sínum út af stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum eða öðru og koma þeim fyrir í Noregi til að læra í öruggu umhverfi. Mikið var lagt upp úr því meðal Norður- og Eystrasaltslandanna að styrkja verkefnið. Það að „European Youth Forum“ hafi tekið málið upp þýðir að auðveldara verði að breiða út boðskapinn og eykur líkurnar á að fleiri lönd taki það upp. Fulltrúi LÆF vann í þessu verkefni sem og öðrum verkefnum í nánu samstarfi við hin Norðurlöndin og einnig Eystrasaltslöndin.



5.2. Námskeið

5.2.1. Unnsteinn til BNA

Fyrirverandi framkvæmdastjóri LÆF, Unnsteinn Jóhannsson var tilnefndur af sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi til að taka þátt í því sem kallast á ensku „International Visitor Leadership Program“ í lok janúar til miðjan febrúar.

Unnsteinn sat námskeiðið fyrir hönd Íslands en það bar yfirskriftina „Félagasamtök og sjálfböðastarf í Bandaríkjunum“ (e. NGOs and Volunteerism in the U.S.). Ásamt Unnsteini sátu níu einstaklingar námskeiðið. Ferðin stóð yfir í þrjár vikur og fékk Unnsteinn þar góða innsýn inn í störf félagasamtaka í Bandaríkjunum og hvernig þau fjármagna sig.


5.2.2. Tinna til Brussel

LÆF var boðið að taka þátt í námskeiðinu „Validation Policy for Volunteering Organizations“ í Brussel dagana 6-10 febrúar 2016. Námskeiðið var styrkt af Evrópusambandinu og var haldið af Hollensku samtökunum „EDOS Foundation“, „European Alliance for Volunteering Organizations“ og Háskólanum í Presov.

Tinna, framkvæmdastjóri LÆF sótti námskeiðið og var ein af 15 þátttakendum frá jafn mörgum löndum í Evrópu. Félagasamtök þátttakenda áttu það sameiginlegt að byggja á sjálfböðavinnu en komu þó úr ýmsum áttum. Á námskeiðinu fengu þátttakendur færi á að deila reynslu og móta nýjar hugmyndir þegar það kemur að því að móta stefnu fyrir félagasamtök. Fjallað var meðal annars um hvernig best sé að reka félagasamtök sem byggast á sjálfböðastörfum ungs fólks. Farið var í gegnum þær aðferðir sem notaðar hafa verið til að fá sjálfböðastörf metin á vinnumarkaði og í námi og þær rammaáætlanir sem til eru innan Evrópu.

6. Staða fjármála

Í stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æskulýðsmál sem unnin var af Æskulýðsráði og á að gilda frá 2014 til 2018 er yfirlýst markmið að unnið skuli m.a. að því að fjármögnun æskulýðsstarfs sé trygg og gætt sé jafnræðis við úthlutun fjármagns. Myndin hér að neðan gefur glöggva mynd af útgjöldum ríkisins til æskulýðsmála. Framlag til LÆF fór frá 6,6 m.kr. niður í 4,2 m.kr. árið 2014. Eftir ítrekaðar fyrirspurnir fékk LÆF aldrei útskýringar á þeim niðurskurði og í kjölfarið þurfti einn af tveimur starfsmönnum LÆF að láta af störfum. Árið 2015 fékk LÆF til að mynda aðeins 4,1 m.kr., en þá fóru samtals fóru 225,4 m.kr. í æskulýðsmál.




Undir liðnum „æskulýðsmál“ í fjárlögum falla aðeins þrjú félög. Þau eru Ungmennafélag Íslands sem fékk 107,6 m.kr., Bandalag íslenskra skáta fékk 41,1 m.kr. og KFUM og KFUK hlaut 33,1 m.kr árið 2015. Meginþungi þessara félaga felst í barnastarfi. En ekki er gerður sérstakur greinarmunur á barna- og ungmennastarfi þegar það kemur að fjárúthlutunum til æskulýðsmála. Þess vegna verður ungmennastarf (eins og t.d. LÆF) undir, þvert á stefnu Íslands í æskulýðsmálum.

LÆF fundaði með mennta- og menningarmálaráðuneytingu um samninginn á milli þessa aðila hinn 16. nóvember 2015 þar sem lögð var fram greinargerð um framkvæmd og stöðu helstu verkefna ásamt yfirliti um fjárhagsstöðu. LÆF hefur ekki fengið upplýsingar um úthlutun til félagsins fyrir árið 2016 nú þegar fimmtungur ársins er liðinn. Því er rekstur LÆF settur á bið og raunhæf rekstraráætlun verður ekki lögð fram fyrr en upplýsingar hafa borist frá ráðuneytinu. Sökum þess að LÆF er ekki fastur liður í fjárlögum ríkisins er rekstur LÆF settur í biðstöðu á hverju ári.

Af ofangreindum ástæðum hafa stjórnarmeðlimir LÆF undanfarin ár verið einbeittir í að berjast fyrir hlutlaustri, gagnsærri og faglegri útdeilingu fjármagns til æskulýðsmála að norskri forskrift. Þar fá öll æskulýðsfélög sem uppfylla ákveðnar kröfur fjármagn í hlutfalli við félagafjölda. Þar er einnig tekið tillit til lýðræðis, kynjajafnvægis og hlutfalli ungs fólks í stjórn. Enn fremur hefur LÆF talað fyrir mikilvægi þess að rekstarstyrkir til æskulýðsfélaga séu í formi samninga til þriggja ára til þess að sporna við því að félögin þurfi að byrja á byrjunarreit ár hvert. Það tryggir að félögin geti byggt starf sitt á framsýnni hugsun. Með núverandi fyrirkomulagi þurfa félög að búa við óvissu og fjárhagslegt óöryggi á hverju hausti þegar fjárlög eru rædd á Alþingi. Í slíkum aðstæðum er nær ómögulegt að vinna að langtíma verkefnum.


6.1. Ársreikningur

Stjórn LÆF tók við félaginu í talsverðu tapi, en þrátt fyrir að tekjur félagsins hafi verið minni en á árinu áður skilar stjórn LÆF kjörtímabilið 2015-2016 félaginu með 441 þúsund króna hagnaði. Stendur félagið ágætlega fjárhagslega, þó sjóðir séu ekki digrir.




6.1.1. Fjármögnun

Tekjur LÆF jukust nokkuð árið 2015 og voru 8,6 milljónir samanborið við 6,2 milljónir árið áður. Munur skýrist nær að öllu leyti af styrk vegna ráðstefnunnar sem haldin var í janúar 2015.



6.1.2. Skipting útgjalda

Launakostnaður drógst saman þar sem Unnsteinn Jóhannsson lét af framkvæmdastjórn í lok ágúst og tók Tinna Isebarn ekki við fyrr en mánuði seinna. Samhliða auknum tekjum jukust útgjöld talsvert milli ára, eða um 1,6 milljónir króna. Líkt og tekjumegin má rekja útgjaldaukninguna til fyrrnefndrar ráðstefnu. En þá vekur LÆF athygli á því að rekstur skrifstofu og laun námu tæpum 4,4 milljónum króna svo að síðasta framlag úr ríkissjóði (4 m.kr.) er ekki nægjanlegt til að halda uppi lágmarksstarfsemi. Öll verkefni sem LÆF framkvæmir eru háð sjálfböðvinnu og umsóknum um aðra styrki.



6. English Overview

The role of the Icelandic Youth Council (LÆF/IYC) is to encourage cooperation of Icelandic youth organizations, work according to their common objectives and promote youth activities. LÆF represents Icelandic youth organizations abroad and works for young people's interests internationally.

The main task of the Council is to serve its member NGOs by arranging practical and informative courses and meetings, along with monitoring and sharing information on youth affairs. Our mission is to raise the voice, issues, concerns and prospects of youth; be a powerful stakeholder for young people in Iceland and beyond.

Inga Auðbjörg, the outgoing president of LÆF, underlines the importance of appealing to young people and encouraging them to vote. According to Inga, it is obvious that young people are very active participants in society bearing in mind all the recent youth-led revolutions and campaigns. However, this active social participation of youth does not seem to transfer into high youth voter turnout. Perhaps it is time to change strategy and provide more means to the energetic youth movements in order to deliver this active youth participation in society to the voting booths.

Events in 2015

- A conference 'The Importance of Youth Organizations in Society and Democracy' was held in January. Attendees came from diverse Icelandic youth organizations along with participants from the Nordic and Baltic countries. Two of the main speakers were Icelandic politicians: Dagur B. Eggertsson, the mayor of Reykjavík and Jóhanna María Sigmundsdóttir, the youngest MP in the history of the Icelandic Republic.
- The General Assembly was held in February and the Icelandic Youth Council (LÆF) elected a new board. The elections went as follows:
- President: Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir Straumland (Young Social Democrats)
- Vice President: Hrefna Ósk Maríudóttir (Upper Secondary School Student Union), Secretary: Sigmundur Þórir Jónsson (Young Pirates). He Resigned and Þorbjörg Erna Mímisdóttir (Changemakers) filled the position. Treasurer: Natan Kolbeinsson (YEF Iceland) and International Commissioner: Ásta Lovísa Arnórsdóttir (Equal Rights Youth Association).
- Further, the Representative Committee consisted of 15 appointed individuals from each member organization. The role of the committee is to strengthen cooperation between member NGOs and be a contact person between their NGO and LÆF. The committee has the supreme authority in matters of LÆF between General Assembly's and has meetings every two months.
- LÆF participated in a seminar on the importance of the right to vote and if it's necessary or not to lower the voting age. LÆF had a representative that participated in a panel discussion on behalf of LÆF.

- In a celebration of the European Youth Week in May, LÆF invited young people to attend a meeting on how we can increase voting turnout among young people.
- In June, LÆF encouraged young people to gather and celebrate the 100 year anniversary of women's suffrage - where women were given the right to vote.
- LÆF gave remarks on a parliamentary resolution on the idea of establishing folk high schools in Iceland and attended a meeting with the General and Education Committee of the Icelandic Parliament to follow up LÆF's suggestions.
- LÆF attended a meeting in November on the housing situation of young people in Iceland, which is a rising concern.

Projects

- LÆF launched a campaign and introduced the work of LÆF and its member NGOs to the general public in order to recruit and increase the visibility of the Council.
- LÆF has been participating in joint governmental actions against violence.
- Tinna, the Secretary General of LÆF, participated in a panel discussion on children in foster care. A working group has been established in order to follow LÆF's suggestions on how we can ensure the wellbeing of those children and youth.
- The Leadership Academy of LÆF has been established and continues to evolve.
- LÆF has been formulating a policy that will continue to develop and guide the the work of LÆF in the future.
- LÆF is a participant in a joint campaign in Iceland on the concept of No Hate Speech Movement.
- Ásta Lovísa, the international commissioner, is creating an app for LÆF that shows information on participants in a conference and/or candidates in elections in an accessible manner. The app is open for all organizations to use.
- In a collaboration with the Upper Secondary School Student Union of Iceland, LÆF received a grant to publish a practical guide for Youth Organizations on how to run and establish an NGO.

International Work

- Unnsteinn Jóhannsson, the former Secretary General of LÆF was nominated by the US Embassy to attend an "International Visitor Leadership Program", which was a three week program on NGO's and Volunteerism in the US.
- Ásta Lovísa, the International Commissioner of LÆF attended the EU Youth Conference in Riga on behalf of LÆF, along with Áslaug Arna from Æskulýðsvettvangurinn. Following that they attended a preparation meeting for the April COMEM in Vilnius with the other Nordic and Baltic countries.
- Ásta Lovísa attended the spring COMEM, an event hosted by the

- European Youth Forum, on behalf of LÆF. The COMEM resulted in the three individuals from the Nordic-Baltic countries that ran for the EU Advisory Board getting elected which is seen very favorably by countries participating in the Nordic Baltic cooperation, which works as a block inside the European Youth Forum, making sure that the interests of those countries are fairly represented.
- In September, Ásta Lovísa attended a conference held by the Estonian Youth Organisation in Tartu. The objective of the conference was to learn about what measures were going to be taken after Estonia got the voting age lowered to 16. After that she attended the second EU Youth conference of that year in Luxembourg where suggestions were finalized on how youth participation in democracy may be increased.
 - Hrefna, Natan, Jónas and Þorbjörg attended Nordbuk in November on behalf of LÆF. The theme of the conference was "Double Democracy".
 - LÆF, along with ERYA and AUS had a meeting with the Czech organization Plan B, who specialize in strengthening volunteer work of young people between the age of 15 and 30. Cooperation has been established between these organizations.
 - Hreiðar Már Árnason, the former President of LÆF, gave a lecture in a panel about the Nordic Committee of Youth which was held in Reykjavík. He discussed the un-democratic participation of young people and represented LÆF. Natan Kolbeinsson also attended on behalf of LÆF.
 - Ásta Lovísa attended the Autumn COMEM, hosted by the European Youth Forum, where matters such as the refugee situation, the terrorist attack in Paris, climate change, participation of young people in democracy and the program "Students at Risk" were discussed.
 - Tinna Isebarn, the Secretary General of LÆF attended on behalf of LÆF the training course 'Validation Policy for Volunteering Organization' in Brussels between the 6th and 10th of February 2016.

Finances

This year's Board started the year with considerable debt. But even though the revenue that the organization received this year was less than in the previous years, the profit in the year 2015 was ISK 441,000. Debts were mostly paid and the organization is rather well off even though funds are not very large. The income of LÆF in 2015 increased to ISK 8.6 million, compared to ISK 6.2 million the year before. This difference can mostly be explained by funding received for the conference that was held in January. Expenses increased along with increased income, or around ISK 1.6 million. LÆF also wants to address that the last governmental financial support (ISK 4 million) did not cover the minimal cost (ISK 4.4 million) to maintain a functional office. All projects implemented by LÆF depend on volunteer work and other types of grants.

Children and youth are listed in the same national budget category and most of the total budget for youth affairs goes to organizations that focuses on working with children. Although it is stated in the youth policy of the Icelandic government that the Ministry of Education, Science and Culture aims to work to ensure equal financial support for youth affairs. Therefore, LÆF has in recent years been fighting and will continue to fight for more equal, transparent and professional process when it comes to governmental funding in order to ensure the financial stability of LÆF.



LANDSSAMBAND
ÆSKULÝÐSFÉLAGA

